

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1990

19. nóvember 1990

1273

Nr. 476

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestum skipulagsuppdrætti af svæðinu milli Ingólfsstrætis, Hverfisgötu, Smiðjustígs, Laugavegs og Bankastrætis í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 15. nóvember 1990 staðfest deiliskipulagsuppdrátt af staðgreinireit 1.171.1, sem markast af Hverfisgötu, Smiðjustíg, Laugavegi og Traðarkotssundi. Deiliskipulagsuppdráttur þessi er breyting á staðfestum skipulagsuppdrætti frá 6. mars 1963 af svæðinu milli Ingólfsstrætis, Hverfisgötu, Smiðjustígs, Laugavegs og Bankastrætis. Breytingin er fólgin í því að í stað verslunar- og þjónustuhúsnæðis á horni Hverfisgötu og Smiðjustígs kemur bílastæðahús ásamt verslun og þjónustu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 19. nóvember 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

5. september 1990

SAMÞYKKT

Nr. 477

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyrarbakka-hrepps nr. 333, 30. júní 1987.

1. gr.

C. liður 56. gr. orðist svo:

1. Áfengisvarnarnefnd.

Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

2. Byggingar- og skipulagsnefnd.

Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Jafnframt skal nefndin fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar um skipulags- og landnýtingarmál og í umhverfis- og fegrunarmálum í hreppnum.

3. Félagsmálanefnd.

Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd annast störf þau, sem framfærslunefnd og barnaverndarnefnd eru falin skv. 26. gr. laga nr. 80/1947 og II. kafla laga nr. 53/1966.